



FRÉTTABRÉF

FRÁ SVEITARSTJÓRN



SVEITARSTJÓRNARFUNDIR 427 - 433

Síðasta fréttabréf kom út í september og var þar farið yfir hin ýmsu málefni, sjá [hér](#).

Á 427. fundi sveitarstjórnar var samþykkt að taka þátt í stofnun Farsældarráðs Vesturlands, svæðisbundins samráðsvettvangs um farsæld barna, með fulltrúum þjónustuveitenda á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þann 1. október sl. var ráðið stofnað en að samstarfinu koma öll sveitarfélögin á Vesturlandi, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Lögreglan á Vesturlandi, Sýslumaðurinn á Vesturlandi, Svæðisstöð íþróttahéraða, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Ungmennaráð Vesturlands auk framhaldskólanna þriggja á Vesturlandi. Fulltrúar Hvalfjarðarsveitar í ráðinu eru Andrea Ýr Arnarsdóttir, oddviti og Freyja Þöll Smáradóttir, deildarstjóri Velferðar- og fræðsludeildar. Til vara eru Helga Harðardóttir, formaður Velferðar- og fræðslunefndar og Svala Ýr Smáradóttir, verkefnastjóri á Velferðar- og fræðsludeild, sem jafnframt er áheyrnarfulltrúi.

Á 428. fundi voru ýmis mál frá Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðar- nefnd tekin fyrir. Samþykkt var á 429. fundi að fara í samstarfverkefni með Lögreglunni á Vesturlandi vegna uppsetninga á löggæslumyndavélum, annars vegar norðanmegin við Hvalfjarðargöng og hins vegar inni í Hvalfirði. Um er að ræða mikilvægt skref í öryggismálum sveitarfélagsins.

Á sama fundi var samþykkt heimild til tímabundinnar ráðningar, í allt að 100% stöðugildi á Velferðar- og fræðsludeild, til ársloka 2026, sjá [hér](#).

Á 430. fundi fór fram fyrri umræða fjárhagsáætlunar Hvalfjarðarsveitar 2026-2029. Á sama fundi var samþykkt að veita Félagi eldri borgara í Hvalfjarðarsveit fjárstuðning vegna haustferðar félagsins. Þá var samþykkt að vísa erindi frá Hollvinasamtökum Vesturlands, vegna söfnunar fyrir BiPAP öndunarvél fyrir Lyflækningadeild HVE, til umfjöllunar milli umræðna fjárhagsáætlunar 2026. Á 431. fundi var samþykkt að veita 500.000 kr. styrk til kaupanna og hefur Hollvinafélagið afhent Heilbrigðisstofnun Vesturlands vélina. Á fundinum var jafnframt samþykkt að styrkja jólaúthlutun Mæðrastyrksnefndar Akraness, sem þjónar einnig Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð, um kr. 250.000.

Á 431. fundi var til afgreiðslu opnun tilboða í verkfræðihönnun á nýjum leikskóla Skýjaborgar í Melahverfi. Sveitarstjórn staðfesti bókun Mannvirkja- og framkvæmdanefndar um að gengið yrði til samninga við EFLU verkfræðistofu, ritað var undir verksamning þann 2. desember sl. Verkið er þegar hafið og áætluð verklok í febrúarlök 2026, sjá [hér](#).

Á sama fundi var samþykkt að veita Félagi slökkviliðsmanna Akraness og Hvalfjarðarsveitar ferðastyrk að fjárhæð kr. 30.000 á mann, sem samsvarar 480.000 kr.



Vinavöllur í jólabúning

Á fundi 431. var einnig tekin fyrir Umhverfismatsskýrsla Sundabrautar, sem var til kynningar í **Skipulagsgátt**. Sveitarstjórn samþykkti að senda inn eftirfarandi umsögn:

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar fagnar áformum um lagningu Sundabrautar og álítur verkefnið mikilvæga samgöngubót sem auka muni umferðar- og almannaoðryggi samhliða því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Sundabraut er jafnframt verkefni sem stuðlar að jákvæðri byggðapróun, bæði í Hvalfjarðarsveit og á Vesturlandi öllu, líkt og vísað er til í matsskýrslu um umhverfisáhrif Sundabrautar. Með tilkomu Sundabrautar mun ferðatími milli Hvalfjarðarsveitar og höfuðborgarsvæðisins styttest verulega, til mikilla hagsbóta fyrir íbúa og atvinnulíf í sveitarfélaginu. Fyrir liggur að ávinningur væntanlegra notenda Sundabrautar verður umtalsverður og arðsemi verkefnisins mikil. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hvetur til þess að valinn verði hagkvæmasti kosturinn þannig að framkvæmdir geti hafist sem fyrst.

Á 432. fundi var til afgreiðslu hönnun og kostnaðaráætlun fyrir pottasvæði og tæknirými við nýtt íþróttahús Heiðarborgar, sveitarstjórn staðfesti bókun Mannvirkja- og framkvæmdanefndar og samþykkti framlögð gögn. Á sama fundi voru samþykktar breytingar á gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald.

Nokkur mál voru einnig tekin fyrir frá USNL nefnd og á næstu misserum eru á dagskrá kynningarfundir vegna skipulagsmála, fundirnir hafa ýmist verið auglýstir eða verða það á næstunni. Sjá nánar í 433. fundargerð þar sem sveitarstjórn hefur samþykkt að tillögur verði kynntar íbúum sveitarfélagsins, aðliggjandi sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum.



*Jólaljósín á jólatrénu á Vinavelli
tendruð með aðstoð leikskólabarna
Skýjaborgar*

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar 2026-2029, seinni umræða fór fram á 432. fundi þar sem samþykkt var að lækka lóðarleigu úr 1% í 0,8%.

Við fyrri umræðu hafði verið samþykkt að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki úr 0,36% af fasteignamati í 0,34%. Jafnframt var samþykkt að aðrar þjónustugjaldskrár hækki, sbr. ákvæði þeirra, miðað við vísitölu í janúar ár hvert. Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar 2026-2029 má sjá **hér**.

Á síðasta fundi ársins, nr. 433, var tekin fyrir tillaga bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar um könnun á kostum og göllum sameiningar Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar, sjá í fundargerð. Á sama fundi var samþykkt að hafin yrði vinna við hönnun göngustígs frá núverandi stíg við Eiðisvatn, í gegnum land Klafastaða að Grundartangasvæðinu. Þá var jafnframt samþykkt tillaga frá Velferðar- og fræðslunefnd um hækkun frístundastyrks úr 70.000 kr. í 80.000 kr. frá 1. janúar nk. Á barnaþingi, sem haldið var í Heiðarskóla 23. apríl sl., kom fram að börn vilja betri frístundastyrk því ekki fá allir jöfn tækifæri til að stunda íþróttir. Árlegur frístundastyrkur, til barna og ungmenna, 0-18 ára í Hvalfjarðarsveit hefur verið 70.000 kr. frá 1. janúar 2021. Frístundastyrk er ætlað að styðja við þátttöku barna og ungmenna í íþrótt- og tómstundastarfi.

Á sama fundi, nr. 433, var tekið jákvætt í hugmynd um færanlega kennslustofu við leikskólann Skýjaborg í ljósi þess að umsóknir liggja fyrir, á komandi ári, umfram áætlaðan hámarksfjölda barna í núverandi húsnæði. Hönnun nýs leikskólahúsnæðis stendur nú yfir enda bendir þróun barnahóps til áframhaldandi fjölgunar barna næstu ár.

Ýmsar styrktarumsóknir voru einnig afgreiddar á fundinum, sem og fleiri mál, þar á meðal erindi frá íbúa varðandi þjónustu- og íbúakannanir. Sveitarstjórn bókaði jafnframt um þingsályktunartillögu samgönguáætlunar 2026-2040, sem finna má í fundargerðinni.

Mörg önnur mál, sem ekki er getið um hér, hafa einnig verið tekin fyrir, sjá fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar [hér](#).

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026 – 2029

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2026 ásamt þriggja ára áætlun 2027-2029 var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 26. nóvember sl. Um er að ræða áætlun til næstu fjögurra ára sem endurspeglar þjónustu- og innviðauppgjöfingu með tilliti til framtíðarþarfa í ört vaxandi sveitarfélagi þar sem íbúafjölgun sl. 5 ár er rúmlega 35%. Viðhaldið er góðu þjónustustigi við íbúa, hugað að eðlilegu og nauðsynlegu viðhaldi eigna auk nýframkvæmda.

Áætlunin byggir á sömu forsendum og áður, þ.e. tekjuáætlunin er varfærin, útgjaldaáætlunin raunsæ og þess er gætt að framtíðarskuldbindingar raski ekki forsendum í rekstri og afkomu sveitarfélagsins til lengri tíma.

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar 2026-2029 má sjá [hér](#).

Niðurstaða fjárhagsáætlunar 2026:

- Heildartekjur samstæðu A og B hluta á árinu 2026 eru áætlaðar 1.827,9mkr. Heildargjöld eru áætluð 1.764mkr. Þar af eru launagjöld 843mkr., annar rekstrarkostnaður 835,1mkr. og afskriftir 85,9mkr.
- Heildartekjur í A-hluta eru áætlaðar 1.811,7mkr. og heildarútgjöld eru áætluð 1.725,6mkr. Þar af eru laun og launatengd gjöld 843mkr., annar rekstrarkostnaður 801,7mkr. og afskriftir 80,9mkr.
- Fjármunatekjur eru áætlaðar 87mkr., bæði í A og B hluta og í A hluta.
- Rekstrarafgangur A og B hluta er áætlaður 150,9mkr. og í A-hluta 150mkr.
- Skuldir og skuldbindingar A og B hluta í árslok 2026 eru áætlaðar 158,6mkr. og 172,3mkr. í A-hluta.
- Eigið fé A og B hluta er áætlað 5.318,1mkr. og A hluta 5.306mkr.
- Veltufé frá rekstri árið 2026 í A og B hluta er áætlað 237,2mkr. en 231,3mkr. ef einungis er litið til A hluta.
- Fjárfesting í A og B hluta, skv. fjárfestingaáætlun er 788mkr. árið 2026.
- Afborganir langtímalána eru engar og ekki er gert ráð fyrir að taka ný langtímalán á áætlunartímabilinu.
- Áætlað er að í árslok 2026 verði handbært fé um 903,6mkr.

Helstu lykiltölur úr rekstri og efnahag árin 2027-2029, samantekið A og B hluti:

- Rekstrarafkoma á tímabilinu verður jákvæð öll árin á bilinu 143,8-239,2mkr. eða uppsafnað á tímabilinu 551,3mkr.
- Veltufé frá rekstri verður á bilinu 246,4-355mkr. á ári eða á bilinu 12,8-16,6% af rekstrartekjum, hæst 16,6% árið 2029 og lægst 12,8% árið 2027.
- Veltufjárhlutfall er áætlað 5,62 árið 2027, 5,18 árið 2028 og 6,94 árið 2029.

Skuldahlutfall er áætlað 8,5% árið 2027 og 8% árin 2028 og 2029.

HEIÐARSKÓLI 60 ÁRA

Heiðarskóli fagnaði 60 ára starfsafmæli þann 9. nóvember sl. og var haldið upp á tímamótin með glæsilegri afmælishátíð í Heiðarskóla föstudaginn 7. nóvember sl. þar sem fjöldi gesta fagnaði með nemendum og starfsfólki. Á afmælishátíðinni var m.a. Heiðó lagið flutt af nemendum sem sömdu jafnframt texta við lagið, sannarlega hæfileikaríkir nemendur, auk þess sem sex fyrrverandi nemendur skólans sögðu frá skólagöngu sinni. Að lokinni ljúffengri kjúklingasúpu og afmælsköku í hádeginu tók Emmsjé Gauti nokkur lög við góðar undirtektir gesta.

Samfélagið getur svo sannarlega verið stolt af sínum skóla enda Heiðarskóli einstakur að svo mörgu leyti. Það ber að þakka öllum þeim sem hafa sýnt frumkvæði og elju í þágu samfélagsins allt frá stofnun skólans til dagsins í dag. Sveitarstjórn sendir nemendum og starfsfólki Heiðarskóla, fyrrverandi sem núverandi, innilegar hamingjuóskir með 60 ára afmælið.



NÝ KARFA FYRIR LÍFRÆNAN ÚRGANG OG BRÉFPOKAR

Í ljósi ákvörðunar Sorpu að taka ekki lengur við maíspokum fyrir lífrænan úrgang/matarleifar frá heimilum hefur sveitarfélagið ákveðið að færa íbúum nýja körfu og búnt af bréfpokum. Dreifingin, sem verður í samstarfi við Björgunarfélag Akraness, hefst í vikunni og verður framhaldið eins og veður og aðstæður Björgunarfélagsins leyfa fyrir jólahátíðina.

Í janúarmánuði hyggst Björgunarfélagið fara um sveitarfélagið og safna dósum til styrktar kaupum á öflugra björgunarskipi fyrir félagið sem starfar bæði á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit. Átakið verður auglýst á íbúasíðu sveitarfélagsins þegar nær dregur.

Nánari upplýsingar á
umhverfi@hvalfjardarsveit.is

VILTU VERA ÁSKRIFANDI FRÉTTA Á HEIMASÍÐU HVALFJARÐARSVEITAR?

Það er einfalt að gerast áskrifandi að fréttum frá sveitarfélaginu, fá tölvupóst við birtingu fréttar og þannig fylgjast betur með því sem er að gerast í sveitarfélaginu.

Skráningin er einföld, sjá [hér](#).

Allt sem þú þarft að gera er að slá inn netfangið þitt og staðfesta skráninguna. Að því loknu færðu sjálfkrafa tölvupóst þegar nýjar fréttir eru birtar á heimasíðunni.

Með þessu tryggir þú að mikilvægar upplýsingar, tilkynningar eða aðrar fréttir, sem varða sveitarfélagið, fari ekki fram hjá þér.


FRAMTÍÐ HEIÐARBORGAR - SAMFÉLAGSMIÐSTÖÐ

Á **íbúagátt** sveitarfélagsins er nú aðgengileg könnun með opnum svörum þar sem þú getur komið á framfæri þínum hugmyndum og sjónarmiðum. Endilega takið þátt í könnunni **hér**, því þín rödd skiptir máli!

Könnunin er bæði ætluð fyrir íbúa og félagasamtök í sveitarfélaginu.

Unnið er að heildarskipulagi og framtíðarsýn á svæði sem í daglegu tali er kallað Heiðarborg. Heiðarborgarnafnið stendur fyrir samheiti á svæðinu. Sveitarfélagið vill tryggja að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að koma sínum hugmyndum og áherslum á framfæri. Markmiðið er að skapa öll saman skýra og sameiginlega stefnu um þróun svæðisins til framtíðar og tryggja að hún byggi á raunverulegum áherslum þeirra sem hér búa og starfa.

Á meðfylgjandi ásýndarmynd má sjá samfélagsmiðstöðina Heiðarborg. Hvíti hlutinn (eldri hluti byggingar) á ásýndarmynd sem sýnir innra skipulagið hefur ekki fengið endanlega útfærslu, annað en að hann verði hluti af þeirri heildarsýn að byggingin/svæðið verði Samfélagsmiðstöð.



JÓL Í HVALFJARÐARSVEIT

Í aðdraganda jóla hefur margt verið á döfinni í Hvalfjarðarsveit, má þar nefna Fullveldishátíð Heiðarskóla, jólamarkað til styrktar Innra-Hólmskirkju í Miðgarði, jólabingó foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, tendrun jólaljósa á jólatrénu á Vinavelli með aðstoð leikskólabarna Skýjaborgar, jólatrjásala Skógræktarfélags Skilmannahrepps, samverustund í Leirárkirkju með krílakór, aðventuhátíð í Hallgrímskirkju í Saurbæ og fleira.

Sunnudaginn 14. desember sl. fór svo fram vel heppnuð jólagleði á Vinavelli í Melahverfi. Stekkjastaur og Giljagaur mættu á svæðið og glöddu gesti, dansað var í kringum jólatréð, jólasveinarnir færðu börnunum jólanammipoka og boðið var upp á heitt súkkulaði og smákökur.

Ýmis önnur jóladagskrá hefur að auki farið fram eða mun fara fram í desember, s.s. jóladagskrá í starfi eldri borgara, föndur og bakstur í leik- og grunnskóla, jólaleikrit fyrir yngstu kynslóðina og fleira.



Sveitarstjórn óskar íbúum í Hvalfjarðarsveit, starfsfólki sveitarfélagsins, landeigendum og frístundahúsaeigendum í Hvalfjarðarsveit, sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Bestu þakkir fyrir góðar stundir og samstarf á árinu sem er að líða.

**Hljójar jólakveðjur,
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar**